



BÓNDAVARÐAN

4. desember 2014 - 13. árgangur

GAMLA KIRKJAN Á DJÚPAVOGI



Nú hefur verið hafin vinna við endurreisn á gömlu kirkjunni hérna á Djúpavogi. Kirkjan var flutt frá Hálsi í Hamarsfirði árið 1894 út á Djúpavog og hefur legið undir skemmdum síðustu ár en þykir þó með mestu bæjarþrýði staðarins. Mikið verk er framundan en miðar vel. Kirkjusmiðir eru þeir Ágúst Guðjónsson og



Þór Vigfússon. Verkið er unnið í samvinnu við húsafriðunarnefnd Minjastofnunar Íslands.

Hollvinasamtökin um gömlu kirkjuna hafa látið prenta jólakort sem seld verða til styrktar uppbyggingu á kirkjunni. Auglýst var eftir hugmyndum að jólakortum fyrir verkefnið. Teikningarnar á jólakortunum eru eftir krakka í 1. - 4. bekk Grunnskóla Djúpavogs og var verkefni sem unnið í grenndarnámi árið 2011. Valdar voru úr 12 myndir sem best hentuðu til að prenta á kortin. Hollvinasamtökin vilja koma þakklæti til skila til þeirra sem sendu inn tillögur.

Sýnishorn af jólakortunum



ÁVARP SVEITARSTJÓRA



Árið 2014 hefur verið viðburðaríkt í Djúpavogshreppi. Því miður ber þar hæst ákvörðun Vísis hf um að leggja niður starfsemi sína á Djúpavogi. Vísir hefur lengi verið meginstoðin í

atvinnulífinu í þorpinu og hefur átt gott samstarf við sveitarfélagið og kom þessi ákvörðun öllum í opna skjöldu. Sem betur fer gengu fyrstu áætlanir fyrirtækisins ekki eftir og flutningi á fiskvinnslu félagsins til Grindavíkur var frestað um “allt að eitt ár” í lok maí. Í lok október var hins vegar tilkynnt að fyrirtækið myndi hætta vinnslu um áramót en fiskvinnsla myndi halda áfram undir merkjum Búlandstinds.

Það er því ljóst að ákveðnum kafla í atvinnusögu Djúpavogs lýkur nú um áramótin og nýr hefst. Þessa dagana er nýtt frumvarp um stjórn fiskveiða u.þ.b.

að líta dagsins ljós á Alþingi. Íbúar lítilla sjávarbyggða sem byggja afkomu sína á sjávarútvegi, hljóta að gera þá kröfu til löggjafans að ný lög um stjórn fiskveiða leyfi ekki að hægt sé að koma atvinnulífi þeirra í uppnám með einu pennastriki.

Nýlega var staða ferða- og menningarmálafulltrúa fyrir Djúpavogshrepp auglýst laus til umsóknar. Umsækjendur um stöðuna voru fjórtán, allt frambærilegt fólk með reynslu, háskólamenntun eða hvorutveggja. Þessi fjöldi umsækjenda færir okkur heim sanninn um að fjöldi fólks bíður færiss að flytja út á land þegar tækifæri og störf við hæfi bjóðast. Það er gott til þess að vita og hlýtur að fylla okkur bjartsýni í þeirri atvinnuuppbyggingu sem bíður.

Nú þegar líður að jólum skulum við einbeita okkur að því að njóta aðventunnar og hlakka til hátíðarinnar sem er í vændum. Gleðilega hátíð!

Sveitarstjóri

Bakkabúð

Opnunartímar í desember

12.- 22. des. kl. 14:00 - 18:00

Þorláksmessa kl. 14:00 - 21:00

Gleðileg jól og gæfuríkt komandi ár

þökkum viðskiptin á árinu

GAMLIR & NÝIR JÓLASIÐIR EFTIR HRÖNN JÓNSDÓTTUR SÆBAKKA



Ég hef svolítið verið að velta fyrir mér gömlum og nýjum jólasíðum í tilefni þess að jólablað Bóndavörðunnar lítur brátt dagsins ljós þrátt fyrir að ekki sé nú beinlínis hægt að tala um mikla birtu á þessum árstíma. Ef til vill er það ástæðan fyrir því að ljós er einmitt veigamikill þáttur í þessari aðalhátið ársins hjá okkur sem kúrum hér á hjara veraldar í myrkum dögum vetrarins. Þessi dýrkun ljóssins hefur viðgengist frá því mennirnir komu „niður úr trjánum“ fyrir ævalöngu. Óháð trú af neinu tagi hefur manneskjan fundið huggun og gleði í birtu frá sól, tungli, eldi, kertaljósum, flugeldum, nýjum degi og ýmsum öðrum ljósgjöfum í gegn um tíðina og oft tengt það hátíðahöldum af mörgu tagi. En ég ætlaði aðeins að minnast á jólasíði.

Á mínu bernskuheimili, langt inn í afdal í Vopnafirði, var viðhafður dálítið einkennilegur síður. Skömmu fyrir jól var farið og náð í einið upp í hlíð eða út í móa. Þetta er sígræn jurt, dálítið lík greni. Viðurinn var látinn þorna og seinni partinn á aðfangadag var kveikt í hríslu og hún var borin logandi um allt húsið. Þetta gaf frá sér sérkennilega góða lykt í bæinn. Einhvers staðar grúskaði ég upp að þessi athöfn átti að fæla burt illa anda, svo síðurinn mun vera mjög forn.

Líka var til síðs heima að smakka jólahangikjötið á þorláksmessu, heitt með soðbrauði og smjöri. Já og svo voru bakaðar 7 tegundir af smákökum hvorki meira eða minna! Það var ekkert smá fyrirtæki að framleiða öll þessi ósköp þar sem aðeins var lítil kolaeldavél.

Aldrei voru boðin „gleðileg jól“ fyrr en að morgni jóladags þótt aðfangadagskvöld hafi verið hátíðlegur viðburður þar á bæ. Og ekki þekktist að setja skóinn út í glugga. Jólasveinar þess tíma voru semsé ekki eins elskulegir eins

og þeir eru í dag, heldur svona hálfgerðir hrekkjalómar.

En margt var samt sér til gamans gert á jólum ekki síður en í dag. Svo leið tíminn, ég eignaðist mitt eigið heimili og börn og til urðu nýir jólasíðir eins og gengur. Minn jólasíður er sá að klukkan 3 á aðfangadag er sest við eld-húsbörðið, smakkað á fyrstu smákökunum og jólakortin opnuð. Þegar elsti sonur minn fór síðan að búa kom upp „skemmtilegt“ deilumál á heimili hans og eiginkonunnar og kvað svo rammt að því að hann hringdi í „mömmu“ til að klaga. Hvað það var?

Ó, jú. Hvorugt hjóna vildi láta undan með þá jólasíði sem þau voru alin upp með. Ég gerðist málamiðlari og ráðlagði þeim að varpa hlutkesti um deilumálin og búa sér til einn nýjan síð. Það var gert og ég held að málið hafi verið leyst farsælega, því enn búa þau hjónakornin saman eftir 30 ár.


Sá nýlegi jólasíður hér á landi að setja aðventuljós út í glugga, er einhver sá ljúfasti síður sem ég veit um. Mér finnst alltaf að íbúar húsanna séu að senda mér og öðru fólki hér kveðju þegar við hjónin förum á „aðventuljósarúntinn“ eins mig grunar að margir aðrir geri. Og hér á Djúpavogi kynntist ég tveim fallegum jólasíðum þegar ég fluttist hingað árið 1982. Annað var sá síður að fara inn í kirkjugarð á aðfangadag og eiga þar kyrrðarstund, með þeim sem búið er að kveðja. Hinn síðurinn er að setja út friðarljós á aðfangadagskvöld.

Ég veit að þessir síðir tíðkast um allt land og kannske um allan heim, en mér finnst þeir alltaf tilheyra Djúpavogi einum og að þannig tengjum við saman þessa tvo heima. Þann sem við búum í og hinn sem við vonum að bíði okkar einhvers staðar í fjarskanum.

HUGMYNDIR AÐ EINFÖLDUM JÓLAKORTUM



KLIPPA, LÍMA & SENDA



FRÁ DJÚPAVOGSSKÓLA

Kæru íbúar Djúpavogshrepps.

Nemendur og starfsfólk Djúpavogsskóla senda ykkur öllum bestu jóla- og nýárskeðjum með kærri þakklæti fyrir samstarfið á þessu ári. Eins og alltaf er í mörg horn að líta í Djúpavogsskóla og hefur haustið verið annasamt. Hér á eftir má sjá sýnishorn af ýmsu sem brallað hefur verið bæði við leik og störf.

Með kærum jóla- og nýárskeðjum,
Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir, skólastjóri



Fréttir frá 1. bekk



Það er búið að vera líf og fjör hjá yngstu nemendum skólans, fyrsta bekk. Kennsla í íslensku og stærðfræði fer fram með aðferðinni Byrjendalæsi sem skólinn er að innleiða. Þá er tekin fyrir ein bók á viku og unnið með hana frá öllum hliðum. Valið er orð úr bókinni sem er lykilorð vikunnar, unnið með það og stafina úr því. Teknir eru fyrir tveir stafir á viku en krakkarnir koma mjög vel undirbúnir úr leikskólanum og má svo sannarlega hrósa leikskólanum fyrir góðan undirbúning. Vinnan er fjölbreytt og fer

sjaldnast fram sitjandi við skólaborðin sem hentar ungum nemendum sérstaklega vel. Núna erum við einnig að nota aðferð sem kallast Leikur að læra en þá er hreyfing í fyrirrúmi og notuð til að æfa stafi, orð og setningar ásamt stærðfræði - tölum, hugtökum og reikning. Það eru forréttindi að fá að kenna við svona samheldinn og góðan skóla þar sem leitast er við að uppfylla þarfir allra nemenda.

JR



Byrjendalæsi í 2. & 3. bekk



Í haust tók Djúpavogsskóli upp Byrjendalæsi sem er samvirk kennsluáðferð í læsi. Í Byrjendalæsi er vinna með tal, hlustun, lestur og ritun felld í eina heild undir hatti læsis. Ennfremur eru sértækir þættir móðurmálsins, svo sem hljóðvitund, réttitun, skrift, orðaforði, setningabygging og málfræði, tengd inn í ferlið. Fyrir hverja viku er valin vönduð bók sem er svo lesin á mánudögum. Eftir lestur ræðum við t.d. innihald bókarinnar, skoðum ný orð og orðatiltæki og aðal- og aukapersónur. Einnig veljum við okkur lykilorð sem endurspeglar hvað við ætlum að leggja áherslu á þessa vikuna. Á þriðjudögum,

miðvikudögum og fimmtudögum erum við í tæknivinnu, þar sem unnið er með tæknilega þætti, s.s. stafi og hljóð, stafasambönd, málfræðiatriði, endurþekkingu orða, leshraða o.s.frv. Á föstudögum vinnum við með enduruppbyggingu en þar fá nemendur að tjá sig um það sem þeir hafa lært og nýta meðal annars orðaforða textans. Frásagnir, leikræn tjáning, teikning og ýmis konar ritun eru meðal viðfangsefna. Þessi kennsluáðferð hefur gefið góða raun og virðast nemendur vera mjög ánægðir.

IBG



FRÁ DJÚPAVOGSSKÓLA

Árshátíð grunnskólans 2014

Að þessu sinni var settur upp söngleikurinn **Með allt á hreinu!** Samsöngsnemendur byrjuðu snemma að æfa þau lög sem sungin voru og nemendur skólans horfðu á myndina með mismiklum fögnuði. Æfingar gengu vel eins og sjá mátti á sýningunni þann 7. nóvember. Sviðsmynd, leikskrá og leikmunir voru í höndum eldri nemenda, bæði þeirra sem unnu eingöngu að því en einnig gripu leikararnir, sem biðu eftir æfingum á sýnum atriðum, inn í

og aðstoðuðu eftir bestu getu. Yngri nemendur sáu um að skreyta salinn með nótum og fallegum myndum. Við þökkum öllum sem komu á söngleikinn fyrir frábæra skemmtun. Skemmtilegir áhorfendur gera góða sýningu betri.

LDB



FRÁ DJÚPAVOGSSKÓLA

Greppikló og Greppibarnið

Leikskólinn Bjarkatún tekur alltaf þátt í Dögum myrkurs og þemað er mismunandi frá ári til árs. Núna í ár var ákveðið að vinna með barnabækurnar Greppikló og Greppibarnið eftir Julia Donaldson. Þessar bækur hafa notið mikilla vinsælda um allan heim og Þórarinn Eldjárn sér um að koma íslensku þýðingunni vel til skila í bundnu máli eins og honum einum er lagið. Barnabækur eru lykilþáttur í leikskólastarfinu okkar. Þegar lesið er fyrir börn læra þau heilmargt ómeðvitað um bækur, lestur og ritmál. Þekkingin sem börn öðlast með lestri barnabóka er mikilvæg forsenda fyrir lestrarnám þeirra. Ýmsar leiðir eru til að styðja sem best við læsisþroska barna eins og t.d. að ræða um bækurnar og velta viðfangsefni þeirra vel fyrir sér og það er megin ástæða þess að okkur langaði að hafa barnabækur að þema þetta árið.

Fyrri bókinn *Greppikló* fjallar um litla mús sem er á göngu um skóg og þar mætir hún ref, uglu og slöngu sem vilja borða hana. Hún nær að hræða þau á Greppikló og þau þjóta í burt þó að músin viti vel að það er ekki til nein Greppikló...og þó? Sagan um *Greppibarnið* fjallar um Greppiklóna sem harðbannar barninu sínu að fara inní skóginn því þar gæti hún hitt ógurlegu músina sem gabbaði hana og öll dýrin í skóginum eitt sinn. En litla Greppibarnið óttast ekki neitt og fer inní skóginn.

Út frá þessum sögum gerðu svo öll börnin í leikskólanum mörg skemmtileg listaverk. Þau gerðu sína útgáfu af Greppikló á bréfpoka og þau teiknuðu einnig litla mynd af Greppikló og máluðu yfir með sjálflýsandi málningu sem lýstist upp í myrkrinu í forstofunni okkar. Hver deild gerði

svo eitt sameiginlegt verkefni. Elstu börnin sem eru á Tjaldadeild gerðu risastóra Greppikló, börnin á Krúdeild gerðu Greppibarnið og litlu börnin á Krummadeild gerðu músina. Þessir 3 félagar taka síðan á móti börnunum í byrjun hvers dags á vegg við útidyráhurðina og hægt er að fylgja fótsporum þeirra inná hverja deild en börnin sáu einnig um að gera fótsporin.



Á dögum myrkurs var boðið uppá ýmsa girnilega rétti tengdum bókunum eins og: Slönguhakk, Greppisteik, Greppiklóarmauk, Greppipæ, Refasteik, Nætursnakk og Uglugott. Síðasta daginn, sem Dagar myrkurs stóðu yfir, vorum við með blósýningu. Þar var horft á teiknimyndir um Greppiklóna og Greppibarnið. Þetta heppnaðist allt mjög vel og fyrir áhugasama þá er bókinn um Greppibarnið til á Bókasafni Djúpavogs

HMI



FRÁ DJÚPAVOGSSKÓLA



Lubbaverkefnið



„Lubbi finnur málbein“ er bók sem við á Kríudeild notum til að kenna börnunum stafina og hljóðin. Bókin er eftir Þóru Másdóttur og Eyrúnu Ísfold Gísladóttur en þær eru talmeinafræðingar með áralanga reynslu af talþjálfun barna. Í bókinni er hvert málhljóð kynnt með stuttri sögu og skemmtilegri vísu eftir Þórarín Eldjárn. Vísurnar eru á geisladiski og DVD diskum sem Skólakór Kársness syngur á og eru sýndar hreyfingar við hverja vísu. Í bókinni fer hundurinn Lubbi í ferðalag um Ísland, kynnist ýmsum stöðum og gerir margt sniðugt á leiðinni. Til að Lubbi læri íslensku stafina fær hann málbein að borða því hundum finnst best að naga bein. Í vetur hafa börnin farið í málörvunartíma þar sem Lubbi kemur í heimsókn og kennir

þeim nýjan staf. Farið er yfir það hvar Lubbi sé staddur, á Íslandskorti, hvaða orð byrja á stafnum sem verið er að læra og fleiri orð fundin sem eiga sama staf og síðan unnin verkefni tengd stafnum. Á föstudögum er svo dregið úr Lubbapokanum. Lubbi fer þá heim með einu barni af deildinni og kemur svo aftur í leikskólann á mánudeginum. Með Lubba fylgir myndavél, þau málbein sem hann er búin að læra og bók til að skrifa í hvað Lubbi var að gera í helgarheimsókninni. Krökkunum finnst þetta rosalega skemmtilegt og er alltaf mikill spenningur á föstudögum yfir því hver fái nú að fara heim með Lubba.

ÞS



Jólafagnaður



Föstudaginn 12. desember kl. 19:00 ætlum við að halda jólafagnað í Tryggvabúð fyrir íbúa Djúpavogshrepps 60 ára og eldri.

Matur, söngur, bingó.

Verð 3000 kr.

Þeir sem áhuga hafa vinsamlegast skráið ykkur í síðasta lagi 8. des. í síma 4788275.

Hlökkum til að sjá sem flesta.

Starfskonur Tryggvabúðar.

FRÁ DJÚPAVOGSSKÓLA

Lestrarvinir

Nemendur í 6.&7. bekk eru orðnir lestrarvinir nemenda í 1. bekk. Nemendur hittast tvisvar í viku og lesa hverjir fyrir aðra og spjalla um textann sem lesinn er.

Í Djúpavogsskóla er samkensla og er þetta einn liður í því að aldursblanda nemendum, auk þess sem nemendur í fyrsta bekk fá meiri tíma til þess að æfa sig í lestri í skólanum. Ekki síður fá nemendur 6. & 7. bekkjar tækifæri

til þess að leiðbeina þeim yngri og æfa sig í leiðinni að lesa upphátt.

Það eru umsjónarkennarar 1. og 6. & 7. bekkjar sem halda utan um þetta verkefni, þær Sigríður Ósk Atladóttir og Jóhanna Reykjálín

SÓA og JR



Frá Krummadeild

Börnin á Krummadeild eru eins og tveggja ára. Við erum þó nokkuð að leika með alls konar verðlausan efnivið, hluti sem jafnan er hent, t.d. dollur og dósir, plasthringi, rör, lok, lítil box og margt fleira. Við köllum þetta könnunarleik því í þessum leik eru yngstu börnin að uppgötva ýmislegt, t.d. hvað er hægt að setja ofan í hvað, þau læra að búa til hljóð, sumt er hægt að blása í og margt fleira. Pappakassar

eru líka mikið í notkun, þeir breytast í hús, báta, bíla, rúm og fleira.

Könnunarleikurinn eykur á sköpunargáfu og frumkvæði og er oft ótrúlega gaman að fylgjast með því hvað börnin ná að búa til úr þessum skemmtilega efnivið.

PSG



FRÁ DJÚPAVOGSSKÓLA

Grenndarnám

Á núlíðandi haustönn eru nemendur Djúpavogsskóla að læra um ýmislegt spennandi sem tengist sögu og umhverfi Djúpavogshrepps.

1. bekkur er að læra um **tröll og fjöll**. Nemendurnir vinna með tíu tröllasögur þannig að hver nemandi föndrar eitt tröll, skráir sögu tröllsins og lærir þau örnefni sem er hægt að tengja tröllinu. Í framhaldi af því læra 1. bekkingarnir **nöfnin á nokkrum fjallstoppum** sem sjást frá skólalóðinni, Berufjarðarmegin, ásamt sérstöku verkefni um **Búlandstind**.

2. og 3. bekkur eru að vinna með sögur af **huldufólki** í Djúpavogshreppi. Lögð er áhersla á álfakirkjurnar í verkefninu og í bígerð eru þrjú stór veggspjöld með umfjöllun um Rakkaberg, Strýtukamb og Einbúa í Papey. Nemendurnir föndra einnig herskara huldufólks og raða því í kringum álfakirkjurnar á veggspjöldunum. Þegar umfjölluninni um álfana er lokið er ætlunin að nemendurnir læri **nöfnin á klettunum á Djúpavogi**.

4. og 5. bekkur eru að læra um **landnámsmenn hreppsins**, þá fyrstu sem vitað er til að hafi byggt sér bæi hér í hreppnum. Nemendurnir eru nú að vinna með Þjóðrek, sem byggði bæ sinn á Skála í Berufirði. Það er gaman að nefna að svolítill grenndarfræði fléttast einnig inn í trúarbragðafræðikennslustundir 4. og 5. bekkinga en þar læra nemendurnir um ásatrú og þar á meðal þau **örnefni**

sem tengjast ásatrú í Djúpavogshreppi, svo sem Goðaborg, Goðatindur og nokkur fleiri.

6. og 7. bekkur er að læra um þá **fæðu sem framleidd er eða veiðist og finnst hér í Djúpavogshreppi**. Nemendurnir eru búnir að vera duglegir að finna fæðutegundirnar út sjálfir og flokka þær eftir fæðuhringnum. Einnig er búið að bragða á ýmsu góðgæti úr hreppnum svo sem hákarli, berjum, svartfugli og mjólk í þessum kennslustundum. Í framhaldi af því hafa 6.og 7. bekkingar verið að vinna að matreiðslubók - sem prentuð verður út í tveimur eintökum fyrir hvern nemanda. Ætlunin er einnig að búa til girnilega matseðla með „grenndarfæði“ og hengja þá upp á göngum skólans.

8.-10. bekkur er að læra um nokkra **rithöfunda sem eru/ voru fæddir og uppaldir í hreppnum eða fluttust hingað á unga aldri**. Nemendurnir eru um þessar mundir að vinna að stórrí upplýsingatöflu sem hangir frammi á gangi skólans. Taflan er stór og mikil og í henni verður hægt að lesa umfjöllun um æskustöðvar höfunda, sjá upptalningu á útgefnu efni, skoða ljósmyndir af höfundum og lesa sér til um heimahaga höfunda. Þegar nemendurnir verða búnir með töfluna er fyrirhugað að taka viðtöl við nokkra höfunda sem búa í hreppnum okkar.

UMJ



Jólaleikur Piparkökuhús 2014

er ætlað að stuðla að listrænum hæfileikum og eru allir 0-99 ára hvattir til að taka þátt. Húsunum, merktum höfundi er skilað inn til starfsfólks 'Við Voginn' milli 6. og 22. desember. Allir sem taka þátt fara í pottinn hennar Grýlu og dregur Leppalúði út vinningshafa á Þorláksmessu.

Kertasníkir kemur svo vinningnum til skila á aðfangadag.

Hérastubbur bakari,
Hálsaskógi



Bókasafnið

Er opið
23. og 30. desember
frá kl. 16:00 - 19:00

Allir velkomnir

FRÁ DJÚPAVOGSSKÓLA

Jólaþveðja frá 4. & 5. bekk

**JÓLATRÉ - JÓLATRÉ - JÓLATRÉ****SUNNUDAGINN 14. DESEMBER 2014,****FRÁ KL. 13:00 – 14:00****VERÐA SELD JÓLATRÉ ÚR SKÓGRÆKTinni.****FARIÐ ER UPP AFLEGGJARANN VÍÐ KIRKJUGARÐINN OG
FÓLK GETUR VALIÐ SÉR TRÉ.****FÉLAGAR SKÓGRÆKTARFÉLAGSINS VERÐA Á STAÐNUM
OG SAGA FYRIR FÓLK.****VERÐ KR. 3.000.-****STJÓRN SKÓGRÆKTARFÉLAGS****DJÚPAVOGS**

FRÁ SVEITARSTJÓRN



Nú þegar liðið er aðeins frá upphafi nýs kjörtímabils er viðeigandi að upplýsa íbúa að hverju fulltrúar sveitarfélagsins hafa helst verið að einbeita sér. Sjö fundir hafa verið haldnir í sveitarstjórn og allar fastanefndir sveitarfélagsins hafa tekið formlega til starfa. Fundargerðir má sjá á heimasíðu Djúpavogshrepps. Viðfangsefnin eru af margvíslegum toga og sífellt nýjar og stundum stórar áskoranir til að takast á við og þá skiptir máli að sveitarstjórn sé sem samhentust að vinna að þeim úrlausnarefnum sem liggja á borðinu.

Það er meginviðfangsefni kjörinna fulltrúa á hverjum tíma að standa vörð um málefni sveitarfélagsins og koma áherslum þess á framfæri sem víðast í stjórnkerfinu. Á undanförunum vikum og mánuðum hafa fulltrúar sveitarfélagsins verið á ferð og flugi við þátttöku á fundum sbr. aðalfund SSA, aukaaðalfund Austurbrúar, landsþing sveitarfélaga og fjármálaráðstefnu sveitarfélaga, auk annarra funda þar sem kjörnir fulltrúar Djúpavogshrepps eiga sæti í ýmsum stjórnnum inn á hinum sameiginlega vettvangi sveitarfélaga. Þá hafa fulltrúar sveitarfélagsins fundað nokkrum sinnum á tímabilinu með þingmönnum kjördæmisins á sérstökum vettvangi og sömuleiðis með ráðherrum flestra ráðuneyta, ásamt fulltrúum margra ríkisstofnana og fyrirtækja og komið þar áherslum sveitarfélagsins á framfæri.

Atvinnumálin hafa verið mjög í deiglu á Djúpavogi á síðustu mánuðum eftir ákvörðun fulltrúa Vísis hf. um að flytja starfsemi sína af svæðinu. Ákvörðun þessi hefur haft víðtæk áhrif á samfélagið allt og ekki þá síður sveitarstjórnarstigið sem hefur reynt að leita leiða á síðustu mánuðum gagnvart stjórnkerfinu. Hið jákvæða er að tekist hefur að endurvekja annað fyrirtæki Búlandstind hf. sem samfélagið á mikið undir að nái að skapa sér fótfestu og stöðugan rekstargrundvöll. Sveitarstjórn hefur væntingar uppi um að umsvifin við höfnina, bæði fiskvinnsla og útgerð verði sú kjölfesta sem verið hefur. Að hægt verði með samstöðu á fleiri sviðum atvinnulífsins að vinna á móti öllu því umróti sem ákvörðun fulltrúa Vísis hf. hefur annars valdið í samfélaginu. Fulltrúar sveitarfélagsins hafa langt í frá sagt sitt síðasta er varðar rétt byggðarinnar til hlutdeildar í hinni sameiginlegu auðlind og munu því halda áfram að vinna að máli Djúpavogshrepps á því sviði.

Í vinnu við gerð fjárhagsáætlunar Djúpavogshrepps næsta árs verður lögð áhersla á að gæta aðhalds í rekstri og um leið að reyna að verja það þjónustustig sem sveitarfélagið hefur byggt upp á liðnum árum. Staðreyndin er sú að almennt þjónustustig Djúpavogshrepps er mjög gott sé litið til sambærilegra sveitarfélaga í landinu og á þessum stað viljum við áfram vera og bæta enn eftir því sem aðstæður skapast. Verið er að vinna á ýmsum sviðum til að finna leiðir til að styrkja tekjugrunn sveitarsjóðs svo hægt verði áfram að bæta þjónustu við íbúana ásamt því að standa að brýnum framkvæmdum og viðhaldsverkefnum. Fulltrúar sveitarfélagsins hafa því ekki aðeins verið að vinna í og tala máli sveitarfélagsins vegna fiskvinnslu og sjávarútvegs á liðnum vikum og mánuðum heldur beitt sér fyrir að leita eftir öðrum nýjum og fjölbreyttum störfum og verkefnum. Nú þegar hafa unnist ákveðnir áfangar í þeim efnum sem við væntum að verði hægt að skýra frá innan tíðar. Mikil vinna hefur því verið lögð í að tala máli Djúpavogshrepps gagnvart ráðamönnum innan allra sviða stjórnkerfisins í þeirri viðleitni að styrkja stöðir samfélagsins með fjölbreyttum hætti.

Áfram Djúpavogshreppur

Þrátt fyrir staðbundin áföll í atvinnulífi sem bitnar á sveitarsjóði erum við staðráðin í að vinna upp með öllum tiltækum ráðum það tómarúm í atvinnulífinu sem myndast hefur við brotthvarf Vísis hf. og geta íbúar samfélagsins verið bjartsýnir á framtíðina. Samfélagið er samstíga og innviðir sterkir og hér eru mörg sóknarfæri til staðar sem við þurfum að sameinast um að nýta. Við þessar aðstæður þurfum við sérstaklega á því að halda að skapa ungu vel menntuðu og kraftmiklu fólki umhverfi til að starfa í og þar liggja einmitt mörg okkar stærstu tækifæri til framtíðar. Það sem skiptir máli nú er að okkur beri gæfa til að vinna saman að þeim verkefnum sem liggja á borðinu og halda áfram að sýna hversu megnugt samfélagið í Djúpavogshreppi getur verið. Í þessu liggur styrkur okkar og þannig viljum við sækja sameinuð fram. Göngum því bjartsýn inn í jólamánuðinn og tökum fagnandi á móti nýju ári.

Áfram Djúpavogshreppur

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps

ÞEGAR NAUTIÐ VARÐ BRJÁLAÐ Á ÞILJUVÖLLUM

FRÁSÖGN: ÁSGEIR HJÁLMARSSON

Ég var að flytja nautgripi af Berufjarðarströnd í sláturhús á Djúpavogi um haustið 1966. Ég var búinn að sækja tvo smágripi út á strönd og kominn í Þiljuvelli. Þar átti ég að taka stórt naut, sem hafði staðið inni um sumarið. Það var haft í smá húsi spölkorn frá bænum. Þetta var ansi myndarlegur boli. Ég var búinn að kynnast því að krakkarnir höfðu gaman að því að láta það bölvá, með því að láta það sjá sig í glugga eða gati á stafninum, fjær dyrunum. Ef það sá krakkana eða heyrði í þeim, þá bölvaði það eins og naut, enda var það naut.

Þegar ég kom heim að bænum var bóndinn, Snæbjörn Þorvarðarson (Bjösssi) að koma með nautið bundið aftan í dráttarvél. Það var komið myrkur, en glansbjart í kringum húsið, allt í rafljósum. Framan við húsið var og er sjálfsagt enn, hlaðinn grasbakki. Krakkarnir stóðu uppi á honum, við útidyrnar.

Þegar nautið sá þá, varð það alveg brjálað, stökk hálfpartinn yfir afturhjólið á dráttarvélinni og sleit sundur bandið og þaut sem elding í krakkahópinn, en þeir sluppu inn og skelltu hurðinni aftur.

Nautið fattaði ekki að brjóta hurðina, en hljóp og horfði inn um alla glugga, sótbölvandi. Ég hef aldrei séð svo brjálaða skepnu, hvorki fyrr né síðar.

Ég flúði inn í bílinn og Bjösssi sat á dráttarvélinni. Bakatil við húsið er viðbygging, sem kölluð er áhaldahús, sem stendur svolítið út fyrir íbúðarhúsið og þar eru stórar dyr með vængjahurðum, sem opnast inn. Svo eru dyr úr því, inn í þvottahús. Þegar nautið sá ekki krakkana inn um gluggana, sem það var búíð að kíkja á, fór það líkast til að leita að fleiri gluggum og þeyttist fyrir hornið á húsinu, en þá var Ingibjörg Guðmundsdóttir að koma út úr áhaldahúsinu.

Nú sá nautið opnar dyr og þeyttist innum þær og hefur líkast til ætlað að ná krökkunum inni. Ingibjörg slapp út og lokaði dyrunum og kom fram fyrir húsið og segir við okkur Bjösssa: „Hann er kominn inn í áhaldahús.“ Bjösssa verður að orði: „Hann eyðileggur nú allt þar.“

Þarna inni var díselrafstöð í gangi og margt fleira. Það eru litlir gluggar efst á veggjunum. Ég fór og kíktti inn um einn gluggann.

Hann rótaðist þar um allt og velti við borðum og bekkjum, en ekki þorði hann samt að ráðast á rafstöðina.

Þegar hann sá mig í glugganum, kom hann strax með hausinn út í gluggann. Bjösssi hafði staflað tónum áburðarpokum í snyrtilega stæðu á gólfinu. Nú rak hann augun í hana og fór einsog tundurskeyti í hana, með hausinn undir sér og þeytti pokunum aftur fyrir sig.

Ég horfði ekki lengur á hann. Nú þurfti að finna eitthvað ráð til að handsama hann. Það varð úr að það var hringt úti Berunes og beðið um aðstoð. Sigurður Hjaltason (Siggí á Berunesi) kom svo inn eftir.

Það varð úr að Bjösssi og Siggí mundu opna sitt hvora hurðina, en ég myndi reyna að koma bandi á aðra framlöppina.


Þeir opnuðu svo rifu á milli hurðanna. Hann kom strax með hausinn í rifuna og ætlaði út, en þá klemmdust hurðirnar að hálsinum á honum svo hann komst ekki. Ég kom svo bandi á löppina á honum og þeir opnuðu svo meira, svo að hann komst út, en þeir héldu í múlinn sitt hvoru megin, sem var á honum og voru sitt hvoru megin við hann.

Hann þeytti þeim sitt á hvað og ætlaði að taka á sprett, en ég hélt í bandið á löppinni, svo hann stakkst á hausinn. Hann reyndi aftur, en það fór á sömu leið. Þá gafst hann upp og varð ljúfur sem lamb og varð alveg rólegur. Við fórum nú að klappa og klóra honum og tala við hann og ég held að hann hafi orðið alveg hissa, að menn gætu verið svo góðir við hann.

Síðan labbaði hann hinn rólegasti með okkur upp á bílinn. Ég var búinn að bakka bílnum að bakkannum, fyrir framan húsið. Ég batt hann við við grindina, aftan við húsið á bílnum og hafði bandið á löppinni á honum, því ég átti eftir að teyma hann inn í sláturhús, þegar út á Djúpavog væri komið.

Ég þorði ekki annað en fá aðstoðarmann, þegar kom að því og varð Haraldur Aðalsteinsson í Svalbarði fyrir valinu, en tuddi var hinn rólegasti.

Skráð í janúar 2014



Við Voginn

BÝÐUR UPP Á HEITAN HÁDEGISMAT ALLA VIRKA DAGA, HEIMABAKAÐ BAKKELSI OG KAFFI ÁSAMT ÝMISKONAR SMÁVÖRU.

12. DESEMBER VERÐUR HIÐ SÍGILDA SÍLDARHLAÐBORD

19. DESEMBER VERÐUR SKÖTUHLAÐBORD AÐ HÆTTI HÚSSINS

STARFSFÓLK VIÐ VOGINN ÓSKAR DJÚPAVOGSBÚUM GLEÐILEGRAR HÁTÍÐAR!



Helgihald í desember í Djúpavogsprestakalli


Aðventuhátíð í Djúpavogskirkju 7. desember kl. 17:00.
Barnakór og kirkjukór syngja falleg aðventu -og jólalög. Helgileikir barna og feringarbarna.

Aðfangadagskvöld: Aftansöngur í Djúpavogskirkju kl. 18:00.

Annar jóladagur: Hátíðarguðspjónusta í Berufjarðarkirkju kl. 14:00.

28. desember: Hátíðarguðspjónusta í Hofskirkju kl. 14:00.

Sóknarprestur



Sendum Djúpavogsbúum og nærsveitungum jóla-og nýárskveðjur.
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða

SPARISJÓÐURINN

MARKALANDI 1 | SÍMI 470 8710 | www.spar.is **Djúpavogi**



ÞESS VEGNA FLUTTI ÉG Í DJÚPAVOGSHREPP

BERGLIND HÄSLER, BÓNDI Á KARLSSTÖÐUM



Ég flutti í Berufjörð í vor. Suma morgna þarf ég enn að klípa mig og segja við sjálfan mig: Nei þetta er ekki draumur. Þetta er ekki sumarbústaðarferð. Hér áttu heima. Og ég er agalega sátt. Það er gaman að stússast í sínu frá morgni til kvölds og ekki sakna ég stimpilklukkunar. Það

stóð aldrei til að flytja á Austfirði. Of langt frá Reykjavík. Það var ekki fyrr en við ákváðum að setja annað í forgang; hugmyndafræði. Við spurðum okkur hvaða sveitarfélag væri líklegast til að næra þann jarðveg sem við viljum að okkar fyrirtæki vaxi í? Við leituðum ekki lengi eftir það. Cittaslow-stefnan og aðalskipulag Djúpavogshrepps talaði til okkar.

Samfélagið á Djúpavogi og í sveitinni hefur svo sannarlega ekki valdið vonbrigðum. Fólk er drifandi og jákvætt upp til hópa. Það er mikilvægt. Og þrátt fyrir að atvinnulífið hafi fengið þungan skell var tekið á því með ákveðni og festu, en samt jákvæðni, sem er til mikillar eftirbreytni og fleiri mættu tileinka sér. Það má ekki detta í dómsdagsorðræðu. Það hefur ekkert upp sig. Það dregur bara úr fólki.

Flestir vinna störf tengd sjávarútvegi og er það vel, en atvinnulífið er þó merkilega fjölbreytt. Það er það sem gerir hreppinn áhugaverðan. Hann er allskonar. Það er pláss fyrir alla. Og það er afskaplega mikilvægt að halda í þetta. Sjá til þess að jarðvegurinn sé alltaf rakur svo unga fólkið sem fer í nám sjái tækifæri í því að snúa aftur heim til að láta drauma sína rætast þar. Allt skiptir máli. Allt frá því að lána borvél, veita góð ráð, vera jákvæður og hvetjandi og svo auðvitað að losa um húsnæði, enda er það ekki á hverju strái. Hér eru allar forsendur til að byggja upp umhverfissvænt og sérstakt samfélag sem eftirsóknarvert er að búa í. Tækifærin leynast víða, í bæ og sveit. Grípum þau.

Góðar stundir og gleðileg jól!

Kæru Djúpavogsbúar

Okkur langar að þakka ykkur fyrir góðar samverustundir, velvild og viðskiptin á árinu.

Það sem stendur upp úr nú þegar árið er senn á enda er opnun gjörbreyttrar og glæsilegrar verslunar á Hammond hátíð, ótrúlegar viðtökur við nýju fatalínunni í nóvember, tvær góðar sýningar í Ráðhúsi Reykjavíkur og frábært sumar.

Við hlökkum til að takast á við ný og krefjandi verkefni á komandi ári. Stefnan er að sjálfsögðu að halda áfram að skapa eitthvað einstakt og eiga með ykkur enn fleiri góðar samverustundir.

Opnunartími frá 5.– 20. desember verður á föstudögum kl. 16–18 og á laugardögum kl. 11–14.

Við óskum ykkur innilega gleðilegrar og góðrar jólahátíðar.

Allra bestu kveðjur

Ágústa og Karen



HAUSTFRÉTTIR FRÁ NEISTA



Haustið hefur verið viðburðaríkt hjá Umf. Neista. Í ágúst tók við nýr framkvæmdastjóri, Jóhanna Reykjalin sem er í 15% stöðu. Á móti henni starfar íþrótt- og æskulýðsfulltrúinn Rafn Heiðdal í 85% stöðu. Jóhanna sér um daglegan rekstur Neista en Rafn sér um þjálfun barna, skipulag móta og opnun félagsmiðstöðvarinnar Zion. Haustönnin hófst á frábærum Neistadegi þar sem keppt var á íþróttavellinum í hinum ýmsu frjálsíþróttgreinum, hefðbundnum sem óhefðbundnum. Vel var mætt og skemmtu allir sér konunglega.

Neisti tók einnig þátt í alþjóðlegri Hreyfi-viku á vegum UMFÍ. Þá voru hinir ýmsu viðburðir á dagskrá og misvel mætt í þá. Vonandi verður Hreyfi-vikan árlega og mætingin betri ár frá ári. Hjá Neista æfir stór hluti grunnskólabarna íþróttir, fótbolta eða sund. Einnig höfum við í boði íþróttatíma fyrir tvo elstu árganga í leikskólanum en þeim finnst mjög gaman að mæta í íþróttahúsið á íþróttæfingu. Í nóvember tók Neisti á

móti styrk frá ÚÍA og Alcoa fyrir farandþjálfun og stefnt er að því að nýta styrkinn í að fá til okkar kynningu á Tae-Kwon-Do/glímu eða fimleikum eftir áramót. Bikarmót ÚÍA var haldið hér á Djúpavogi þann 30. nóvember sl. og kepptu lið frá Austra, Prótti og Hetti ásamt Neista. Neistakrakkar stóðu sig mjög vel en komust því miður ekki í sæti. Austri var krýndur Bikarmeistari og óskum við þeim til hamingju. Nýjasta verkefni Neista var svo jólabingóið þar sem margt var um manninn og glæsilegir vinningar sem heppnir bingóspilarar hrepptu. Sala á jólasíld tekur næst við og svo kærkomið jólafrí. Í stjórn Eeista eru sjö foreldrar sem sjá um að skipuleggja og halda utan um verkefni Neista ásamt þjálfara og framkvæmdastjóra, en við getum alltaf notað fleiri hendur í hinum ýmsu verkefnum sem við skipuleggjum og minnum við á að þátttaka foreldra getur haft úrslita áhrif á þátttöku barna í íþróttum. Áfram Neisti!



Ljóð sem Ríkarður Jónsson samdi til Niels Finnssonar, móðurbróður síns, frá Hafranesi við Reyðarfjörð, í tilefni af 75 ára afmæli hans 12. maí 1944:

*Þú sem átt í kögglum kraft,
og kyngimátt í lundu,
gefðu elli á sinn kraft
enn um langa stundu*



FRÁ DJÚPAVOGSSKÓLA

Grænfánastarf & Carol

Grænfánastarfið í vetur hefur svolítið miðast út frá henni Carol okkar. En hún er þriggja ára stelpa frá Zambíu og erum við í leikskólanum „styrktarforeldrar“ hennar.

Við höfum verið að velta fyrir okkur hvað er fjölskylda, hverjir eru í fjölskyldunni okkar, eru fjölskyldur mismunandi, hvað gerir fjölskyldur mismunandi og er eitthvað líkt með öllum fjölskyldum?

Við höfum verið að skoða lifnaðarhætti okkar og Carol, hvað í umhverfi okkar er öðruvísi, þau hafa verið svolítið upptekin af því að hjá Carol er ekki hægt að labba út í búð og kaupa það sem maður vill, þegar maður vill og hún fær örugglega aldrei hlaup og brjóstsykur og súkkulaði á laugardögum.


Í vetur höfum við skoðað mikið af myndum frá Zambíu og komist að því að þar er svo heitt og oft lítil rigning að vatn er sennilega það dýrmætasta sem þau hafa og vatnsból og vatnsbrunnar eru nauðsynlegir svo Carol fái hreint vatn að drekka.

Okkur langar voðalega mikið til að búa okkur til einfaldan brunn næsta vor sem safnar regnvatni svo við fáum betri skilning á því hversu mikilvægt það er að fara vel með vatnið okkar.

Við erum búin að gróðursetja fræ sem eru farin að vaxa og dafna. Við skiptumst á að vökva og hugsa um þau. Í vor ætlum við svo að gróðursetja sólblómafræ af því að við erum sólblómaleikskóli.

Í desember ætlum við að skoða svolítið hvað við getum gert til að endurnýta efnivið sem við annars hendum. Við endurvinnum pappír, bæði til að lita og teikna á og svo gerum við úr honum jólakort. Við förum svo líka í einhverja ransnóknarvinnu og reynum að nýta pap-pamassann í eitthvað skemmtilegt og fallegt.

HBA



Carol & Hrólfur Steinn



Carol & Þuríður

GRAFIT

INNANHÚSSARKITEKTÚR
RÁÐGJÖF
ÍMYNDARÞRÓUN

heimasíða: www.grafit.is
tölvupóstur: alfa@grafit.is
tölvupóstur: ran@grafit.is
sími: 894 8228



*Gleðileg jól og farsælt komandi ár.
Djúpavogshreppur þakkar samstarfið á
árinu og óskar ykkur árs og friðar.*



Opnunartími
Samkaup Strax um
jól og áramót

Þorláksmessa 10 - 21
Aðfangadagur 10 - 12
Jóladagur LOKAÐ
Annar í jólum LOKAÐ
Gamlársdagur 10 - 12
Nýársdagur LOKAÐ





Desember í Löngubúð

4. **desember.** Jólabasar Kvenfélagsins Vöku kl. 18:00 - 21:00.

5. **desember.** Barinn opnar kl. 22. Jólaljór og jólahvað!

6. **desember.** Barinn opnar kl. 22. Jólaljór og jólahvað!

15. **desember.** Upplestur bóka kl. 20:00. Grýlukaffi og konfekt.

Lokað helgina 12. og 13. desember

19. **desember.** Opnum kl. 21. Tilboð á jólaljór: 2 fyrir 1 milli kl. 21 og 22.

20. **desember.** Opnum kl. 21. **Jóla Pub Quiz.**

Tilboð á jólaljór: 2 fyrir 1 milli kl. 21 og 22.

23. **desember. Þorláksmessa.** Dásamlegar kræsingar á boðstólnum.

Opið frá kl. 21 - 01. Grýlukaffi, kökur, kertaljós og konfekt.

Íris Birgisdóttir ætla að syngja okkur inn í jólin.

27. **desember.** Jóla-peysu-party og Pub-quiz. Manst þú hvað gerðist á

árinu 2014?? Opnum k. 21. Byrjum quizzið kl. 22.

FRÁ DJÚPAVOGSSKÓLA

Óskaboxið

Eins og undanfarin sumur var Óskaboxið frá leikskólanum uppi við í Hálsaskógi í allt sumar. Í tilefni af útgáfu Bóndavörðunnar og jólaanna birtum við þessar óskir hér. Margar þeirra eru einfaldar og hugsaðar út frá hverri manneskju fyrir sig á meðan aðrar eru stærri og eiga við fleiri. Ég get ekki annað en tekið undir það sem stóð á einum miðanum: „Ég óska þess að óskin þín rætist.“

HDH

Ég óska þess að fá stóra köku
Ég óska þess að þetta sé ævintýraskógur
Ég óska mér að fá bangsa með hjarta á maganum sínum
og prinsessukjól og alla Frozen búningana og alla Monster
High búningana og kórónu og stóran bangsa sem er eins
og sá sem rifnaði
Ég óska mér að flytja í sveit einhvern tímann
Ég óska þess að ég lendi í góðum bekk í Hagaskóla
Ég óska mér að heimurinn muni halda sér í góðu lagi
þannig að mennirnir taki ekki jörðina í sundur
Mig langar í Hulk hendur, Star Wars byssu
Mig langar í 100 trampólín
Ég óska þess að fá takkaskó
Ég óska þess að fá Playstation 4 eða 3 og takkaskó og
Helmar markmanns hanska
Ég óska mér Frozen dúkku og líka Önnu
Ég óska þess að ég fái banana í morgunmat
Ég óska þess að fá glansandi rauða dráttarvél
Ég óska mér og mínum góðrar heilsu
Ást
Monster High dúkku og ég óska að pabbi gæti komið með
til Reykjavíkur á ættarmót á morgun
Ég óska mér fallelgra steina
Ég óska þess að stríði á Ghaza hætti
Mig langar að vera prinsessa með kórónu
Ég óska að ég geti blásið eldi og talað við dreka
Ég óska mér kónguló fyrir gæludýr
Ég óska mér hugarró
Ég óska þess að Djúpivogur dafni og vaxi. Fuglarnir í
skóginum eru ekki ánægðir með veru mína hér.
Ég óska þess að verða aldrei hrædd
Ég óska þess að eignast snyrtidót

Ég óska að það gangi vel í vetur
Ég óska þess að fá hund og lítið systkini
Ég óska þess að fá blóm. Ég elska blóm
Ég óska þess að Djúpivogur og íbúar hans geti áfram lifað
og starfað hér.
Ég óska þess að mamma verði alltaf glöð.
Ég óska þess að annarri stúlkunni minni gangi vel í
skólanum og hinni í leikskólanum og að pabba gangi vel í
nýju vinnunni.
Bestu óskir fyrir Djúpavog
Ég óska þess að ég fái allar mínar óskir uppfylltar. Lifi
ljósið. Takk
Gott veður í sumar
Óska mér Monster High dúkku, Frozen og bangsa
Ég óska þess að ég finni listaverkin mín
Ég óska þess að ég flytji á Djúpavog
Að litla barnið í bumbunni verði heilbriggt
Ég óska þess að börnin mín verði að eilífu heilbrigð og
hamingjusöm
Ég óska þess að fá Fifa 15
Ég óska þess að óskin þín rætist
Ég vildi að ég væri með hleðslustæki
Ég vona að mamma vinni í Lottói
Ég óska að ég lifi hamingjusömu lífi með kærastanum og
það muni vara til eilíðar
Ég óska þess að ég fari heim á morgun
I wish to meet the nice family from Djúpivogur again and
also to come to Iceland again with my sister
Ik wens dat ik werk ga duen wat ik vet lenk vind
I wish that my family will be healthy and save and happy.
I wish Alisha and I became good friends
Wir wünschen uns, das dieser schöne weg mod lange für
alle gepleflegt wird. Danke, Hans und Gisela Germany
I wish that my daughter Lucia gets better and be healthy
until an old age. Sthasha
Ich wünsche mir von Herzen, dass Utachen und ich uns
weiterhin X000 lieben.
Veliku zsbavja za vso familjo meni nasman d0 100 letd.
Slovenia
Ich wünsche mir, dass wir gesund bleiben und das unsere
kinder eine gute XXX haben. Liebe Grupe au alle. Alles
Gute



Hótel Framtíð í desember

19.

Jólatrésskemmtun

allir velkomnir

Frítt inn.

23.

Pizza tilboð

12" með 3 álegg og pepsi kr.2.150.-
frá kl.17:00 til 19:00

29 og 30.

Pizza tilboð

12" með 3 álegg og pepsi kr.2150.-
frá kl.18:00 til 20:00

31.

Áramótagleði

Kr.1.850.- í forsölu 29. & 30. des

kr.2.850.- eftir að forsölu líkur.

Fríð drykkur fylgir hverjum keyptum míða.

Aldurstakmark 18 ára (dagurinn).



Óskum öllum viðskiptavinum gleðilegra jóla

og farsæls komandi árs.

Þökkum það lífna og hlökkum til ánægjulegs samstarfs á komandi
nýju ári.